

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Ársskýrsla 2016

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	03
Inngangur forstöðumanns	04
Stjórn MSS	07
Starfsfólk MSS	08
Náms fyrir einstaklinga	09
FA námsleiðir	12
Nám fyrir innflytjendur	14
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	15
Fyrirtækjasvið	17
Náms- og starfsráðgjöf	20
Fjárnám	23
Samvinna - starfsendurhæfing	24
Þróunarverkefni	31
Ársreikningur 2015	32

Ávarp stjórnarformanns



Hlutverk Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum hefur verið gríðarlega mikilvægt þessa tvo áratugi sem hún hefur starfað.

Í lok þessa árs verða 20 ár frá því MSS var stofnuð. Hlutverk stofnunarinnar hefur verið gríðarlega mikilvægt þessa tvo áratugi sem hún hefur starfað. Aðgengi almennings að námskeiðum er ómetanlegt sem og möguleikarnir til sí- og endurmenntunar. MSS var ómissandi hlekkur þegar atvinnuleysi var sem mest við brotthvarf hersins. Með öflugu og útsjónarsömu starfsfólki hefur starfseminni verið hagað eftir þörfum og stofnunin verið fljót að aðlaga sig að breyttum áherslum í samfélaginu. Með minnkandi atvinnuleysi hefur MSS tekist að breyta stefnu sinni í að þjónusta í ríkari mæli þá sem kjósa að fá fræðslu og menntun samhliða vinnu. Sem betur fer hafa Suðurnesin verið að rétta úr kútnum hvað varðar atvinnuleysistölur og hafa þær farið niður á við frá því 2009 þegar um 1800 manns voru atvinnulausir. Í byrjun apríl á þessu ári var fjöldinn kominn í 335.

Það er ljóst að Suðurnesin eru í miklum vexti. Nægir þar að horfa til þeirrar miklu uppbyggingar sem er á flugvallarsvæðinu. Hér er ferðaþjónustan í blóma sem skilar okkur auknum hagvexti. MSS býður upp á fjölbreyttar námsbrautir og námskeið og mun áfram vera ómissandi valkostur í menntunarmálum á Suðurnesjum. MSS hefur fyrir löngu sannað hlutverk sitt og bæði tekið þátt í að mennta íbúa svæðisins og aukið lífsgæðin um leið.

Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka starfsfólki MSS fyrir frábært starf. Stjórnarmönnum þakka ég einnig fyrir ánægjulegt samstarf.

Grindavík, júní 2017.

Kristín María Birgisdóttir

Stjórnarformaður MSS




Bjartsýni og uppgangur á Suðurnesjum

Árið 2016 einkenndist af miklum uppgangi í samfélaginu á Suðurnesjum. Atvinnulífið blómstraði sem aldrei fyrr og sú mikla aukning sem er í ferðaþjónustunni skilaði sér í afleiddri atvinnustarfsemi sem og til einstaklinga. Atvinnuleysi var lítið sem ekkert sem er mikil breyting frá því fyrir nokkrum árum. Breytingin hefur vissulega áhrif á starfsemi MSS. Þegar atvinnuleysið var í hæstu hæðum jókst starfsemi MSS umtalsvert enda margir sem nýttu tækifærið til að mennta sig.

MSS brást strax við og fjölgaði menntunartækifærum fyrir þessa einstaklinga. Nú hefur staðan snúist við og eru nánast allir vinnufærir einstaklingar í starfi. Því hefur ásókn í nám og ráðgjöf MSS breyst. Erfiðara er að ná í stóra hópa í nám og eins er erfiðara að hindra brotthvarf því mikið er að gera á öllum vígstöðvum hjá einstaklingum bæði í vinnu og í einkalífi sem gjarnan hefur áhrif á hvort fólk hafi raunverulegan tíma til að stunda nám eða endurmenntun.

Fjöldi

Fjöldi námsmanna eftir árum



Rekstur MSS


MSS var rekið með tapi tvö ár í röð, árin 2014 og 2015 og staðan leit ekki vel út í byrjun árs 2016. Erfitt var að ná í nemendur og eins hafði dregið úr umsóknum í Samvinnu starfsendurhæfingu síðustu mánuði árs 2015. Gripið var til uppsagna til að sporna við áframhaldandi tapi ásamt því að færa til starfsmenn innanhúss og draga saman í útgjöldum. Mennta- og menningarráðuneytið lagði til aukið fjármagn til að sinna aðstöðu fyrir fjarnámsnemendur við háskólana en það fjármagn kom einungis til starfsárið 2016. Við erum afar þakklát fyrir þann vilja sem fjárlaganefnd sýndi með framlaginu en beinum því jafnframt til ráðuneytisins að festa aukna fjármuni í þennan málaflokk til framtíðar. Einnig kom aukafjármagn frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu seinni hluta ársins til framhaldsfræðslunnar. Þar sem ákvörðun um aukið fjármagn kom seint var ekki hægt að bregðast við fyrr og sparnaður, niðurskurður og tilfærslur höfðu þegar átt sér stað áður en ljóst var að MSS fengi auka fjármagn. Viðbótarframlagið gerir okkur kleift að halda áfram að efla framhaldsfræðsluna næstu árin og ánægjulegt var að sjá fram á að hægt væri að fullmanna allar deildir að nýju árið 2017. Áðsókn í starfsendurhæfinguna var stöðug allt árið og umfram væntingar miðað við þróun ársins á undan. Þetta ár sannaðist enn og aftur hvað MSS er aðlögunarhæf og getur brugðist við breyttum aðstæðum á skjótum tíma eins og að færa starfsfólk milli deilda til að mæta óvæntum atvikum. Starfsfólk MSS á hrós skilið fyrir að bregðast hratt og vel við aðstæðum, að sýna liðlegheit þegar á reynir og að vera tilbúið til að fara í öll störf til að halda rekstri réttu megin við núllið. Verkefnin framundan snúast um það að mæta fjölbreyttum nemendahópi þar sem fleiri hafa tækifæri til að stunda nám í þeim aðstæðum sem eru á vinnumarkaði í dag.

Tækni-, vendi- og fjarkennsla

Einstaklingar eru í misjafnri aðstöðu til að stunda nám. Sumum hentar betur að mæta á staðinn og hitta samnemendur og kennara en aðrir eru í vinnu og geta lítið komið á námsstað og vilja því stunda námið þegar hentar þeim betur. Eins og ástandið er á vinnumarkaði er nauðsynlegt að koma til móts við þennan hóp og hefur MSS lagt í mikla þróunarvinnu í þeim efnum.

Stefna MSS er að vera í fremstu röð í tækni-, vendi- og fjarkennslu. Leitast er við að láta verkefni sem MSS tekur þátt í styðja við það. Því mun talsvert af viðbótarfjármunum MSS fara í aukinn tækjabúnað og endurmenntun starfsmanna sem og verktaka. Einnig tekur MSS þátt í erlendum verkefnum sem styðja við framtíðarsýnina eins og Erasmus+ verkefnið Flip the Classroom, ICON – Inverted Classroom Online og NLCI - Nordic learning center innovation.

Verkefnin færa MSS tæki og tól til að takast á við nýja kennsluhætti og starfsmenn læra af öðrum löndum og efla þannig hæfni sína á tækni- vendi og fjarkennslusviðinu. Stefna MSS er að bjóða upp á fleiri námsleiðir í fjar- og eða vendinámi og að verða enn betri í tækni og kennsluaðferðum. Aðgengi að námi og námsleiðum MSS mun því opnast enn frekar fyrir einstaklinga á vinnumarkaði.

Fjöldi**Fjöldi námskeiða eftir flokkum****Leiðarljós MSS**

Leiðarljós MSS eru orðin 5 ára en þau standa svo sannarlega enn fyrir sínu. Starfsfólk MSS vinnur af metnaði og samvirkusemi eftir þessum leiðarljósum.

Fagmennska

- Sérþekking, símenntun og fagleg vinnubrögð

Samskipti

- Trúnaður, traust og virðing

Framþróun

- Sköpun, sjálfstæði og frumkvæði

Lokaorð

Ég vil þakka starfsfólki MSS fyrir vel unnin störf og gott samstarf á árinu 2016. Það er ómetanlegt að hafa starfsfólk sem er tilbúið að bregðast við aðstæðum þegar illa gengur og halda áfram með baráttuhug þegar vel gengur. Einnig vil ég þakka stjórn MSS fyrir frábært samstarf. Stjórn sem hefur trú á verkefnum miðstöðvarinnar og er styðjandi og hvetjandi gerir starfsfólki kleift að ná markmiðum miðstöðvarinnar. Síðast en ekki síst vil ég þakka nemendum og skjólstæðingum MSS/Samvinnu sem gera okkur stolt daglega yfir því að við höfum fengið að koma að þeirra lífshlaupi og eiga örlítinn þátt í þeirra sigrum í framtíðinni.

Guðjónína Sæmundsdóttir

Forstöðumaður MSS

Stjórn MSS



Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum árið 2016

Kristín María Birgisdóttir,

Stjórnarformaður, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Guðbrandur Einarsson,

Varaformaður, stéttarfélagum.

Ellert Eiríksson,

Atvinnurekendum.

Jóhanna B. Sigurbjörnsdóttir,

Reykjanesbæ.

Kristján Ásmundsson,

Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Varamaður Kristínar:

Puríður Gísladóttir, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Varamaður Jóhönnu:

Kristín Gyða Njálsdóttir, Reykjanesbæ.

Varamaður Guðbrands:

Kristján Gunnarsson, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis.

Varamaður Kristjáns:

Guðlaug M. Pálsdóttir, Fjölbrautaskóli Suðurnesja.

Stjórnin hélt 6 bókaða fundi á árinu 2016.

Starfsfólk MSS



Arndís Harpa Einarsdóttir,
náms- og starfsráðgjafi,
93% starfi til 1. ágúst og 50% frá 1. ágúst.



Kristinn Bergsson,
þjónustufulltrúi,
sinnir útköllum eftir þörfum MSS, lét af störfum 1. apríl.



Áslaug Bára Loftsdóttir,
verkefnastjóri,
100% starfi.



María Rós Skúladóttir,
félagsráðgjafi,
100% starfi.



Birna Vilborg Jakobsdóttir,
verkefnastjóri atvinnulífs,
87% starfi.



Ragnheiður Eyjólfsdóttir,
verkefnastjóri,
100% starfi, lét af störfum 31. desember.



Eydís Eyjólfsdóttir,
þjónustufulltrúi,
54% starfi.



Rannveig Ragnarsdóttir,
félagsráðgjafi,
75% starfi.



Guðjónína Sæmundsdóttir,
forstöðumaður,
100% starfi.



R. Helga Guðbrandsdóttir,
verkefnastjóri Samvinnu,
100% starfi.



Haukur Hilmarsson,
ráðgjafi,
80% starfi frá 7. september og 100% frá 1. desember.



Steinunn Jónatansdóttir,
náms- og starfsráðgjafi,
100% starfi.



Hrönn Auður Gestsdóttir,
þjónustufulltrúi,
100% starfi.



Sunna Hafsteinsdóttir,
iðjuþjálfari,
100% starfi frá 7. nóvember.



Jenný Þórkatla Magnúsdóttir,
verkefnastjóri,
100% starfi, lét af störfum 1. október.



Sveindís Valdimarsdóttir,
verkefnastjóri íslenskunámskeiða,
100% starfi.



Jónína Magnúsdóttir,
náms- og starfsráðgjafi,
100% starfi.



Særún Rósa Ástþórsdóttir,
verkefnastjóri,
100% starfi frá 1. ágúst.



Kristinn Þór Jakobsson,
Verkefnastjóri,
100% starfi, lét af störfum 1. apríl.



Unnar Sigurðsson,
verkefnastjóri,
100% starfi.

Nám fyrir einstaklinga

Flokkurinn Gagn og gaman inniheldur námskeið sem einstaklingar sækja sér jafnan til skemmtunar og fróðleiks.


Gagn og gaman

Þátttaka í þessum námskeiðum var töluvert minni þetta árið miðað við árið á undan en mjög erfitt hefur verið að ná nægilegum fjölda þátttakenda til að hægt væri að koma tómstundanámskeiðum af stað.

Til gamans má nefna að námskeiðið Sykurlaus sætindi fór fram um haustið en þetta námskeið með Júlíu Magnúsdóttur hefur verið mjög vinsælt um allt land og var engin undantekning á hjá MSS.

Fjöldi

Fjöldi þátttakanda í Gagn og gaman eftir árum



MSS býður öðrum námskeiðshöldurum að sjá um ákveðna þjónustu gegn vægu gjaldi og á árinu veittum við Félagi myndlistamanna í Reykjanesbæ þjónustu með skráningar og innheimtu á námskeiðsgjöldum fyrir þau námskeið sem fóru af stað hjá FMR.

Einnig er MSS í samstarfi við Þekkingarsetur Suðurnesja og auglýsir MSS námskeið fyrir setrið og sér um skráningu en Þekkingarsetur Suðurnesja sér um aðra umsýslu vegna þessara námskeiða. Í heild sinni voru haldin 8 námskeið í flokknum Gagn og gaman með færri þátttakendum eða 45% fækkun.


Tungumál

Af tungumálanámskeiðum var það einungis Enska fyrir útlendinga sem fór af stað á árinu og urðu námskeiðin fimm og voru þau öll kennd í Grindavík. Reynt var þó að bjóða upp á námskeið í norsku I og ensku fyrir útlendinga í Reykjanesbæ en ekki náðist þátttaka í þau námskeið. Aukning á þátttakendum var um 86% á milli ára.

Tölvunám

Fjöldi


Fjöldi þátttakenda á tungumálanámskeiðum eftir árum



Engin almenn tölvunámskeið fóru af stað á árinu fyrir almenning, en þó voru skipulögð tölvunámskeið fyrir fyrirtæki hér á svæðinu þar sem farið var í Word, excel, power point og outlook.

Fjöldi

Fjöldi þátttakanda á tölvunámskeiðum eftir árum



FA – Námsleiðir

Námsleiðir hjá MSS

Lengri námsleiðir hafa undanfarin ár skipað stærri sess í starfi MSS og miðstöðin skipuleggur nú margvísleg lengri námskeið á hverri önn, ýmist starfstengd eða í almennum bóklegum fögum. Með samningi við Fræðslusjóð sem veitir fjármagni til lengri og ítarlegri námsleiða reynist unnt að fara dýpra í efnið og nemendur eiga þess kost að þjálfna námsfærni yfir lengri tíma og öðlast meiri skilning á eigin námstækni og þörfum. Þá gefa lengri námsleiðir einnig aukin tækifæri til áframhaldandi náms eða þróunar í starfi. Árið 2016 var framboð námsleiða fjölbreytt en boðið var uppá Grunnmenntaskóla, Menntastoðir, Landnemaskóla, Leikskóla- og stuðningsfulltrúabré, Félagsliðabré, Skrifstofuskóla, Sölu-, markaðs og rekstrarnám, Smiðjur, fiskvinnslunámskeið, Sterkari starfsmann og Aftur í nám - lesblinduleiðréttingu.

Í Grunnmenntaskólanum fá nemendur tækifæri til þess að kynnast styrkleikum sínum og setja sér markmið fyrir komandi nám. Grunnmenntaskólinn hefur reynst mjög góður undirbúningur fyrir Menntastoðir og hentar ekki síður þeim sem eru í starfsendurhæfingu eða hafa skerta starfsgetu. Námsumhverfið og stuðningur við nemendur skipta þá miklu máli. Fyrir einstaklinga í starfsendurhæfingu er dagleg virkni og skipulag mikilvægur þáttur sem unnið er markvisst að í náminu. Í Menntastoðum geta nemendur valið um þrjár mismunandi leiðir, stað-, dreifi-, og fjarnám. Stór hluti útskrifaðra nemenda úr Menntastoðum heldur áfram í frumgreinadeild og síðar í háskóla. Aftur í nám hefur tengst námsleiðum í almennum bóklegum greinum en lesblinduleiðrétting hefur styrkt nemendur með námsörðugleika og gert áframhaldandi nám viðráðanlegra fyrir lesblinda nemendur. Með þessum leiðum skapast samfella í námið sem styður við nemendur miðstöðvarinnar.

Bóklegt og starfstengt nám

Fullorðnir námsmenn er fjölbreyttur hópur fólks með mismunandi markmið, stór hópur nemenda hjá MSS sækja í starfstengt nám sem gefur aukna möguleika á vinnumarkaði eða eflir viðkomandi ánúverandi starfsvettvangi. Sölu-, markaðs- og rekstrarnám, Brúarnám, Skrifstofuskólinn, Smiðjur, fiskvinnslunámskeið og Sterkari starfsmaður eru dæmi um slíkar leiðir. Í Landnemaskólanum felst svipuð hugsun sem miðar að því að tengja nám við íslenskt samfélag. Sölu-, markaðs- og rekstrarnám er eins og nafnið gefur til kynna tengt sölu, rekstri og markaðssetningu en námið hentar mjög vel fyrir þá sem starfa við sölu, eru í sjálfstæðum atvinnurekstri eða hafa í hyggju að stofna eigið fyrirtæki. Nemendur geta notað eigið fyrirtæki eða hugmynd sem dæmi í náminu, unnið viðskiptaáætlun, sett fram plan um markaðssetningu og svo framvegis.

Brúarnám er yfirheiti Leikskóla- og stuðningsfulltrúabráar og Félagsliðabráar. Námið er kennt í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands og samkvæmt hugmyndafræði vendikennslu.

Að loknu námi í Félagsliðabráu öðlast nemendur starfsheitið Félagsliði. Nám í Leikskóla- og stuðningsfulltrúabráu veitir fyrst og fremst aukna faglega þekkingu og innsýn í starfið.

Námið tengist starfinu beint og nemendur fá tækifæri til þess að nýta starfsreynslu sína við verkefnavinnu. Skrifstofuskólinn hentar þeim sem starfa eða hafa áhuga á að starfa á skrifstofu. Samsetning námsins er byggð á tölvubókhalði, verslunarreikning, handfærðu bókhalði, tölvum og sjálfstyrkingu. Námið gefur góða möguleika til starfsþróunar og einnig til nýrra starfsmöguleika innan skrifstofustarfa.

Nám í smiðjum hefur það að markmiði að efla verkvitund, sköpunargáfu og færni á ákveðnu sviði. Kvikmyndasmiðja, Hönnunar- og tilraunasmiðja og Grafísk smiðja hafa verið í boði hjá MSS með góðum árangri. Í Kvikmyndasmiðju hafa nemendur framleitt sína eigin stuttmynd, allt frá hugmynd, handritaskrifum að klippingu og lokafrágangi en smiðjan er kennd í samstarfi við Stúdíó Sýrland. Hönnunar- og tilraunasmiðja Fablab hefur það að markmiði að veita innblástur til nýsköpunar og kenna hvernig fara má frá hugmynd til fullbúinnar vöru með stafrænni framleiðslutækni.

Ýmsar hugmyndir verða að veruleika í smiðjunni svo sem lampar, veggskreytingar, skartgripir og fleira. Í Grafískri smiðju er m.a. unnið með myndvinnsluforrit, umbrot og uppsetningu fyrir prent- og vefútgáfu. Allar smiðjurnar miða að því að vekja áhuga, kynna og tengja nemendur við ákveðnar starfsgreinar.

Grunnnámskeið í fiskvinnslu er ætlað þeim sem starfa við verkun og vinnslu sjávarafla, það er í flökun, frýstingu, söltun, skreiðarverkun, rækju- og skelvinnslu. Markmið námsins er að auka þekkingu námsmanna á vinnslu sjávarafla og meðferð aflans allt frá veiðum og að borði neytandans ásamt því að styrkja faglega hæfni námsmanna.

Hraðar breytingar á vinnumarkaði og aukin tæknivæðing kalla á nýja færni í ýmsum störfum. Námsleiðin Sterkari starfsmaður er ætluð fólki á vinnumarkaði sem vill auka færni til að takast á við breytingar í starfi og auka færni sína í upplýsingatækni og tölvum.

Sveigjanleiki og spegluð kennsla

Aukin aðsókn fullorðinna einstaklinga í nám og breyttar aðstæður á vinnumarkaði hafa gefið þróun námsleiða byr undir báða vængi. Sem dæmi má nefna aukið framboð á fjarnámi og notkun speglaðrar kennslu þar sem fyrirlestrar fara fram á netinu en nemendur mæta í verkefnatíma hjá kennara. Spegluð kennsla og aukið fjarnám gefur nemendum meiri sveigjanleika til þess að stunda nám með vinnu og því er með þessum hætti komið betur til móts við fullorðið fólk í námi. Stefna MSS í kennslufræði fullorðinna miðar að frekari þróun og auknum gæðum í fjarkennslu almennt og hefur miðstöðin sett það markmið að vera framúrskarandi á sviði fjarkennslu og fjarnáms.

Nám fyrir innflytjendur

Alls sóttu 282 nemendur almenn 60 kennslustunda íslenskunámskeið á árinu 2016. Þar af voru 133 nemendur á vorönn og 149 nemendur á haustönn. Af þeim fjölda voru 24 á vorönn og 14 á haustönn úr Grindavík, þar sem kennslan fór einnig fram.

Vorönn 2016	Haustönn 2016
Íslenska 1 = 49 nemendur	Íslenska 1 = 75 nemendur
Íslenska 2 = 53 nemendur	Íslenska 2 = 31 nemendur
Íslenska 3 = 31 nemendur	Íslenska 3 = 20 nemendur
	Íslenska 4 = 23 nemendur

Alls voru haldin 24 námskeið og voru 10 kennarar að meðtöldum verkefnastjóra að störfum við íslenskukennsluna á árinu. Mikill meirihluti nemenda kom á eigin vegum í námið en einnig komu nemendur frá Reykjanesbæ, Vinnumálastofnun og á vegum Virk og Samvinnu.

Þá sóttu 34 nemendur Landnemaskóla, þar af 16 nemendur á vorönn og 18 nemendur á haustönn. Um er að ræða 120 kennslustunda nám, þar sem íslenska er megin viðfangsefnið en fléttað er inn í námsefnið sjálfstyrkingu, samfélagsfræðslu, upplýsingamennt og ferilskrá. Hluti af starfi okkar hjá MSS er að veita nemendum ráðgjöf og aðstoð eftir þörfum í námi og starfi. Á árinu 2016 leituðu um 40 erlendir nemendur sér ráðgjafar.

Þá er það orðinn ríkur hluti af starfi okkar í MSS að tengjast ólíkum menningarþjóðum ýmist í gegnum Evrópuverkefni eða nemendur okkar. Um þessar mundir eru þrjú Evrópuverkefni í gangi sem öll tengjast eflingu íslensks talmáls: Lingua Café sem unnið er í samvinnu við Finnland, Litháen, Lettland og Eistland. Lingua Café hefur verið starfrækt hjá okkur á Café Petite og höfum við haldið fundi þar vikulega á þriðjudögum í vetur. Speaking for yourself sem unnið er í samstarfi við fimm aðra skóla erlendis en það verkefni snýst um það að efla sjálfstæði nemenda í tungumálanámi. Einnig tengdist Evrópuverkefnið Flip the classroom, sem fjallar um vendikennslu, en unnin voru verkefni sem koma til með að nýtast í íslenskukennslunni hjá MSS.


Fullorðinsfræðsla fatlaðra

MSS er með samning við Fjölmennt um námskeiðahald fyrir fullorðið fatlað fólk á Suðurnesjum. Starfið er fjölbreytt og ágætlega sótt.

Gott samstarf hefur verið við Björgina geðræktarmiðstöð Suðurnesja með námskeiðið Hugur og heilsa sem stóð yfir í fimm vikur á vorönn. Á námskeiðunum var farið yfir mikilvægi þess að stunda hollan lífstíl, samskipti, drauma, markmið og skapandi hugsun. Einnig fengu nemendur kynningu á því námi sem fram fer hjá MSS og kynningu á Samvinnu starfsendurhæfingu. Kenndar voru 60 kennslustundir en auk þeirra fengu nemendur viðtal hjá iðjupjálfa sem starfar í Björginni í byrjun námskeiðs og eftir námið stóð til boða að sækja viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa MSS.

Fjöldi

Fjöldi þátttakenda í fullorðinsfræðslu fatlaðra eftir árum



Haldin voru söngnámskeið á hvorri önn fyrir sig og voru námskeiðin mjög vel sótt. Þátttakendur á vorönninni tóku þátt í Hljómlist án landamæra og voru haldnir tónleikar í Hljómahöllinni þar sem fatlaðir og ófatlaðir listamenn sungu saman. Nemendur okkar sungu með söngvurum eins og Valdimar, Sölku Sól, Friðriki Dór og fleirum. Tónleikarnir voru í einu orði stórkostlegir. Þátttakendur á haustnámskeiðinu sungu í lok námskeiðs fyrir fyrirtækin í Krossmóanum ásamt að taka á móti forseta Íslands sem óskaði eftir að koma í heimsókn í MSS í desember. Settur var af stað umræðuhópur fyrir ungt fólk á aldrinum 20 – 40 ára sem innihélt m.a. lífstílsfræðslu.



Fullorðinsfræðsla fatlaðra tók fullan þátt í Ljósanótt og fór af stað myndlistarnámskeið í byrjun ágúst og var þemað list úr pappír. Lokapunkturinn var opnun sýningar á fimmtudeginum á Ljósanótt sem fékk heitið Pappírslíst. Sýningin hékk uppi í nokkrar vikur og voru fjölmargir sem komu og skoðuðu listaverkin.

Einstaklingar úr Björginni, geðræktarmiðstöð tóku þátt í sýningunni og áttu nokkur verk á henni.

Fyrirtækjasvið

Fyrirtækjasvið MSS sinnir fjölbreyttri þjónustu við atvinnulíf á Suðurnesjum og býður fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu þjónustu við fræðslu og uppbyggingu starfsmanna.

Árið 2016 voru starfsmenn fyrirtækjasviðs mjög sýnilegir í fyrirtækjum á svæðinu og voru yfir 100 vinnustaðir heimsóttir og starfsemi MSS kynnt. Í boði er fjölbreytt úrval námskeiða fyrir fyrirtæki, starfstéttir og einstaklinga sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Algengast er þó að námskeið séu sérþöntuð og sérsniðin eftir þörfum hvers fyrirtækis hverju sinni.

Námskeið

Árið 2016 var fjöldi fyrirtækja sem nýtti sér þjónustu fyrirtækjasviðs MSS við skipulagningu námskeiða. Námskeiðin voru af ýmsum toga, til dæmis:

- Samskipti
- Samstarf
- Sjálfsstyrking
- Þjónustunámskeið
- Virðing og vinnusiðferði
- Núvitund
- Skyndihjálp
- Líkamsbeiting
- Grunnnámskeið fyrir starfsfólk í fiskvinnslum
- Hreinlæti og gæði fyrir matvælaðnað
- Sterkari stjórnandi – verkstjóranámskeið
- Verkefnastjórnun
- Tölvunámskeið – Office pakinn

Fyrirtækin eru einnig mjög mismunandi og starfsemin ólík, allt frá fjögurra manna vinnustöðum upp í 1000 manna vinnustaði. Fyrirtæki á flugvallarsvæðinu, í ferðaþjónustu, matvælaðnaði, fiskvinnslu og ræstingu, einnig menntastofnanir, sveitarfélög og hið opinbera.

Alls voru rúmlega 1300 þátttakendur sem sóttu 97 námskeið sem haldin voru fyrir fyrirtæki og stofnanir á árinu 2016.

Fyrirlestrar í atvinnulífinu

MSS býður upp á stutta og hnitmiðaða fyrirlestra um ýmis málefni, t.d. árangursrík samskipti, samstarf, seiglu, liðsheild, einelti og kynferðislega áreitni, markmiðasetningu og margt fleira. MSS bauð til opins hádegisfyrirlesturs sem bar yfirskriftina Er góður starfsandi lykillinn að velgengni fyrirtækja, þar sem fjallað var um samskipti á vinnustöðum.

Um 120 aðilar úr atvinnulífinu komu á hádegisfyrirlesturinn sem var einstaklega vel heppnaður. Í heildina sóttu um 200 starfsmenn fyrirlestrana sem taldir voru upp hér að ofan.

Fræðslustjóri að láni

Hjá MSS starfa tveir starfsmenn sem sinna verkefni sem nefnist Fræðslustjóri að láni.

Fyrirtækjum býðst að taka þátt í verkefninu og fá til sín fræðslustjóra að láni endurgjaldslaust, en verkefnið er greitt af starfsmenntasjóðum stéttarfélaganna. Í fræðslustjóraverkefnum eru myndaðir rýnihópar úr öllum deildum fyrirtækisins og gerð greining á fræðsluþörfum innan fyrirtækisins og í framhaldinu útbúin fræðsluáætlun, oftast til þriggja ára.

Með verkefninu er fræðslustarf fyrirtækja gert markvissara og því komið í ákveðinn farveg.

Í framhaldi af slíkum verkefnum sér MSS mjög oft um skipulagningu og ut anumhald stakra námskeiða í fræðsluáætluninni og gott samstarf skapast milli fyrirtækisins og MSS.

Árið 2016 fór stórt verkefni af stað með Íslenska gámafélaginu þar sem fram fór greining meðal starfsmanna á landsvísu. Önnur fyrirtæki sem hafa farið áður í gegnum Fræðslustjóra að láni í samstarfi við MSS eru meðal annars Airport Associates, HS Orka, Olís, Eimskip, ISS, Olíudreifing, Nesfiskur, Skólamatur, Allt hreint og Northern Light Inn.

Styrkumsóknir

MSS kynnir starfsmenntastyrki fyrir fyrirtækjum og stofnunum og býður aðstoð við að sækja styrki vegna fræðslu og námskeiða fyrir starfsfólk. Með þessum hætti auðveldar MSS fyrirtækjum vinnu og umsýslu vegna námskeiðahalds og einnig er algengt að fyrirtæki viti ekki um þá styrki sem í boði eru til niðurgreiðslu þegar kemur að fræðslu fyrir starfsfólk. Fyrirtæki eru mjög ánægð með þennan lið í þjónustu MSS og nýta langflestir viðskiptavinir MSS sér þessa þjónustu.

Námsráðgjöf á vinnustað

Náms- og starfsráðgjafar hjá MSS fara reglulega í heimsóknir á vinnustaði, kynna námsráðgjöf og veita einstaklingsviðtöl. Starfsmenn fyrirtækjasviðs kynna einnig þennan möguleika í sínum fyrirtækjaheimsóknum. Viðtölin eru einstaklingum að kostnaðarlausu og áhersla er lögð á hva- tningu til virkrar símenntunar, að upplýsa starfsfólk á vinnumarkaði um námsmöguleika og stuðla að starfsþróun. Fjöldmörg fyrirtæki á Suðurnesjum hafa fengið heimsókn og kynningu og fjölmargir starfsmenn nýtt sér það að koma í námsráðgjöf hjá einhverjum af þremur náms- og starfsráðgjöfum MSS.



Markþjálfun

Hjá MSS er starfandi markþjálfari. Markþjálfun er aðferðafræði sem miðar að því að laða fram það besta sem býr í hverjum manni. Með hjálp markþjálfara er einstaklingurinn leiddur í gegnum samræðuferli þar sem leitað er leiða til nýrra lausna. Markþjálfinn stýrir einungis ferlinu og leiðir viðskiptavininn sjálfan að lausninni.

Árið 2016 var gott ár á fyrirtækjasviðinu. Aukning var á námskeiðum fyrir fyrirtæki og stofnanir og voru þau eins og áður segir 97 talsins og hafa sjaldan verið fleiri námskeið haldin fyrir vinnustaði á svæðinu. Það má vel merkja uppgang í atvinnulífinu og fyrirtækjarekstur gengur vel sem skilar sér í því að fyrirtæki hafa meira fjármagn til fræðslu. Einnig er þörfin mikil þegar fyrirtæki stækka ört og þjálfa þarf upp nýtt fólk og hlúa að eldri starfsmönnum þegar álagið er mikið og breytingar örar. Hindrunin sem fyrirtæki standa frammi fyrir í árferði sem þessu er þó sú að finna tíma fyrir námskeiðahald þar sem álagið er mikið í ýmsum greinum hér á svæðinu og má þar m.a. nefna ferðaþjónustufyrirtækin.

Náms- og starfsráðgjöf

MSS er með samning við Fræðslusjóð um náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat á Suðurnesjum. Þrír náms- og starfsráðgjafar voru starfandi s.l. ár hjá MSS í tæplega 3 stöðugildum.

Helstu verkefni þeirra eru ráðgjöf til einstaklinga og hópa, kennsla í námsleiðum og á námskeiðum, raunfærnimat og skipulag/hönnun námskeiða.

Ráðgjafar settu sér markmið síðasta ár að efla þjónustu við nemendur á námsleiðum MSS bæði með viðtölum og kennslu. Ráðgjafar kynntu ráðgjöfina fyrir öllum þátttakendum og margir sóttu ráðgjöf í kjölfarið og sumir oftari en einu sinni. Þá kenndu ráðgjafar ýmist sjálfstyrkingu, námstækni, ferilskrá/færnimöppu og starfsfræðslu inn á námsleiðunum.

Þá hafa ráðgjafar eflt tengsl við fyrirtæki á svæðinu m.a. í gegnum raunfærnimatsverkefni en einnig í tengslum við þjónustu sem fyrirtækin sækja á fyrirtækjasvið MSS. Markmiðið er að efla náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum enn frekar og þá einnig inn á námskeiðum og námsleiðum á fyrirtækjasviði.

Allir starfsmenn MSS eru samstarfsaðilar ráðgjafa þar sem þeir beina fólki sem þess þurf í ráðgjöf og leita jafnframt ráða sjálfir um hin ýmsu málefni. Samvinna -starfsendurhæfing er hluti af starfsemi MSS og sinna ráðgjafar þeirra þátttakendum. Einnig er samstarf við Virk, VMST og félagsþjónustu Sandgerðis, Garðs og Voga og Reykjanesbæ. Miðstöðin á mjög gott samstarf við allar þessar stofnanir.

Notendur þjónustunnar hafa nýtt sér áhugakannanir, sjálfstyrkingu, námstækni, markmiðasetningu, upplýsingar um leiðir til áframhaldandi náms, ferilskráagerð, stuðning og hvatningu við markmið sín og raunfærnimat. Einnig hafa einstaklingar komið til að ræða persónuleg mál sem hafa áhrif á námið og þróun starfsferilsins.

Ráðgjöfin er kynnt vel á heimsíðu MSS, facebookarsíðu MSS með auglýsingum, innan fyrirtækja og samstarfsstofnana, með greinaskrifum og í námsleiðum MSS. Mikilvægt er að hafa marga snertifleti til að kynna ráðgjöfina og nýta alla tiltekna möguleika.

Undirbúningur á samstarfi við Frílager, um að nýta raunfærnimatsverkefnið Vörulager sem þarfagreiningu innan fyrirtækisins með fræðsluáætlun í framhaldinu, fór fram rétt undir áramótin. Með því tengjum við þjónustu markhópsins við ráðgjöf, raunfærnimat og fyrirtækjaþjónustuna. Stefnt er að því að efla þessa tengingu enn frekar t.d. með raunfærnimati í almenntri starfshæfni.

Einstaklingsráðgjöf

Ráðgjöf til einstaklinga í atvinnuleit hefur farið minnkandi í kjölfar minnkandi atvinnuleysis eins og árið 2015. Þá hefur ráðgjöf til einstaklinga í starfi aukist að sama skapi.

Stærsti hópurinn sem leitar ráðgjafa eru þeir sem ekki hafa lokið framhaldsskóla.

Marga langar að mennta sig meira og hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að meta og finna leiðir fyrir viðkomandi til að ljúka framhaldsskólamenntun.

Á vorönn var ráðgjöf til einstaklinga frá félagsþjónustu Reykjanesbæjar sem og félagsþjónustu Garðs, Sandgerðis og Voga. Einnig ráðgjöf til einstaklinga í endurhæfingu og þjónustu hjá Virk og Samvinnu.

Þá nýtti töluverður hópur, sem fór í gegnum raunfærnimat í hinum ýmsum greinum, einstaklingsráðgjöf í matsferlinu og í framhaldi af því.

Ráðgjafi MSS sinnti einnig ráðgjöf á vinnustað fyrir Skólamat sem hefur verið í þjónustu hjá MSS um nokkurra ára skeið. Viðtölin gengu mjög vel og fékk starfsmannastjóri fyrirtækisins skýrslu eftir viðtölin með niðurstöðum og ábendingum.

Hópráðgjöf

Hópráðgjöf hefur verið nokkur í samstarfi við VMST en hefur farið minnkandi.

Námskeiðin hafa haldið sama góða innihaldi og skipulagi síðan árið 2014, þar sem farið er í þætti eins og ferilskrárgerð, kynningarbréf, markmiðasetningu ásamt því að efla starfsleitarhæfni einstaklinga. Hópráðgjöfin er skipulögð í 4x3 klst. þar sem unnið er í hóp og þátttakendur fá einstaklingsviðtal í lok tímabils.


Einnig er hringt í þátttakendur tveimur mánuðum eftir að námskeiði lýkur. Þá er starfsleitarstofan orðin úrræði í gagnagrunni Virk og mun miðstöðin því þjónusta skjólstæðinga þeirra á árinu 2017. Stöðugt er leitast við að endurskoða verkefni og æfingar sem henta hverjum hópi/einstaklingi hverju sinni.

Raunfærnimat

Raunfærnimat í Fisktækni fór fram á vor- og haustönn. Rúmlega 40 manns luku mati í fisktækni á árinu. Allir einstaklingar sem hafa farið í gegnum raunfærnimat í fisktækni hjá MSS á árinu hafa fengið eftirfylgni og margir nýtt sér matið til áframhaldandi náms, bæði lokið fisktæknináminu sem og haldið áfram í annað nám. Raunfærnimat í almennri starfshæfni fór fram allt árið. Þátttakendur voru 28 talsins og skiptust í misstóra hópa. Þátttakendur komu frá Virk, Samvinnu, félagsþjónustu Sandgerðis, Garðs og Voga og Vinnumálastofnun.

Bakgrunnur einstaklinganna var misjafn en inntökuskilyrðin voru að hafa nokkra vinnusögu og vera 23 ára eða eldri. Verkefnið ýtti undir aukna meðvitund þátttakenda á eigin starfshæfni í samanburði við kröfur atvinnulífsins, dró fram styrkleika og jók sjálfstraust þátttakandans, að mati ráðgjafa. Ljóst er að raunfærnimat er mjög góð leið til að þess að staðsetja sig inn í formlega skóla-kerfið þar sem einstaklingar njóta styrks af starfsreynslu sinni og fá raunfærni sína metna. Ávinningurinn er bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Miðstöðin hyggst efla sig enn frekar hvað varðar raunfærnimat, fjölga verkefnum og nýta það m.a. til þarfagreiningar í fyrirtækjum.

MSS Ráðgjafaviðtöl – Tegund viðtals



■ Rafrænt í síma
 ■ Hefbundin
 ■ Hópráðgjöf
 ■ Hvatningaviðtöl
 ■ Færnimöppugerð í raunfærnimati

Hér sést hvernig heildarviðtöl skiptast eftir viðfangsefnum. Hefðbundin viðtöl eru einstaklingsviðtöl þar sem viðfangsefnin eru m.a. áhugakannanir, sjálfstyrking, námstækni, ýmsar hindranir, raunfærnimat og upplýsingar um formlegt og óformlegt nám/námskeið.

Fjarnám

Það voru um 113 nemendur sem nýttu sér aðstöðu hjá MSS til að stunda fjarnám á vorönn 2016 en 95 á haustönn sem er svipuð tala á milli ára.

Aðstaðan og þjónustan sem fjarnemar geta nýtt sér hjá MSS er margvísileg og má nefna aðstöðu til lærdóms og próftöku ásamt því að sækja kennslu í gegnum fjarfundabúnað sem fer reyndar minnkandi þar sem kennslan er að færast meira og minna yfir á netið. Einnig fá nemar aðgengi að þjónustu náms- og starfsráðgjafa MSS, prentþjónustu og aðstoð varðandi ýmis tilfallandi atriði tengd náminu sem upp koma.

Alls voru haldin 207 próf á árinu sem MSS hafði umsjón með fyrir Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands, Bifröst, LBHÍ, Verkmenntaskóla Austurlands, Menntaskólann á Akureyri og Høgskolen í Sørøst Norway. Skipulag, undirbúningur og yfirseta í prófunum var í höndum MSS.

Það voru 31 fjarnemar frá HA sem útskrifuðust vorið 2016 úr viðskiptadeild, hjúkrunarfræðideild, iðjuþjálfunarfræðideild og félagsvísindadeild. Háskólahátíð var haldin þann 17. júní í Kirkjulundi fyrir útskriftarnemendur.

Samvinna – starfsendurhæfing

Hugmyndafræði Samvinnu gengur út á að vinna að heildstæðri úrlausn hindrana þátttakenda á einstaklingsmiðaðan hátt.

Hugmyndafræði Samvinnu gengur út á að vinna að heildstæðri úrlausn hindrana þátttakenda á einstaklingsmiðaðan hátt. Þátttakandi er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð sinnar endurhæfingaráætlunar.


Endurhæfingin fer að mestum hluta fram í hóp, t.d. með námskeiðum, fræðslu, hópefli og líkamsþjálfun en á einstaklingsmiðaðan hátt þar sem tekið er mið af þörfum hvers og eins. Einnig fer endurhæfingin fram einstaklingslega með viðtölum eða þjálfun hjá fagaðilum, launaðri eða ólaunaðri vinnuprufu. Unnið er að því að bæta líkamlega, andlega og félagslega stöðu einstaklinga með það að markmiði að þeir verði tilbúnari í starf á almennum vinnu-markaði eða í áframhaldandi nám. Áhersla er lögð á að efla og virkja hvern þátttakanda með það að markmiði að hann öðlist trú á sjálfan sig og eigin getu. Þátttakendur fá stuðning við að taka á hindrunum sínum og efla styrkleika sína, ásamt þjálfun í að setja sér raunhæf markmið.

Fjöldi þátttakenda var jafnari yfir mánuðina en á fyrri árum eins og sjá má á mynd 1. Þátttakendur voru 55 í janúar en 69 þegar mest var í mars, maí, júní og nóvember.

Mynd 1

Fjöldi

Fjöldi þátttakenda




Nokkuð jöfn kynjaskipting var á milli þátttakenda eins og sjá má á mynd 2.

Í október voru karlmenn í fyrsta skipti fleiri í sögu Samvinnu, 35 karlar og konur 31.

Mynd 2

Fjöldi

Kynjaskipting / Konur ■ Karlar ■ Samtals ■




Aldur þátttakenda var breiður, yngsti þátttakandinn var 19 ára og elsti 63 ára. 10 þátttakendur voru 24 ára eða 12% sem er athyglisvert eins og sjá má á mynd 3.

Mynd 3

Fjöldi

Aldur þátttekenda



Endurhæfingarleiðir – innihald

Boðið er upp á mismundandi þjónustuleiðir í Samvinnu og fá allir þátttakendur sinn ráðgjafa úr hópi starfsmanna sem heldur utan um þeirra mál og er tengiliður þeirra í endurhæfingunni. Samvinna er í samstarfi við fagfólk úr öðrum þjónustukerfum sem veita þátttakendum aðstoð og stuðning í endurhæfingunni. Meðal fagfólks og stofnana sem koma að starfinu má nefna félagsráðgjafa, iðjuþjálfra, þroskaþjálfra, náms- og starfsráðgjafa, markþjálfra, næringarráðgjafa, fjármálaráðgjafa, íþróttافرæðing, sálfræðinga, sjúkraþjálfara, menntastofnanir og námskeiðshaldara. Samvinna á einnig gott samstarf við atvinnurekendur um vinnutengingu þátttakenda í formi vinnuprufu eða starfsþjálfun.

Samvinna starfsendurhæfing er með þjónustusamning við VIRK starfsendurhæfingarsjóð sem er eini starfsendurhæfingarsjóðurinn á landinu og gilda þar lög nr. 60/2012. Til þess að eiga rétt á þjónustu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs þarf fólk að vera með heilsubrest sem staðfestur er af lækni og hafa tilvísun frá lækni.

Hjá Samvinnu eru í boði tvær heildstæðar leiðir í starfsendurhæfingu ásamt eftirfylgd.

Mat á stöðu og starfsendurhæfingarmöguleikum

Um er að ræða endurhæfingu í 1-3 mánuði eftir markmiðum hverju sinni. Þessi leið er nýtt til að meta raunhæfi þess að hefja markvissa starfsendurhæfingu. Þátttaka einstaklings telst m.a. fullnægjandi ef honum tekst að mæta og taka þátt í þjónustu sem nemur 12-15 tímum á viku.

Einstaklingsmiðuð þverfagleg starfsendurhæfingarlína

Á þessari leið er unnið heildstætt með vanda einstaklings með það að markmiði að einstaklingur fari aftur út á vinnumarkaðinn eða í áframhaldandi nám. Gerð er krafa um virkni í 15-20 tíma á viku í bæði hópúræðum og einstaklingsmiðaðri þjónustu.

Eftirfylgd


Eftirfylgd er fyrir þátttakendur sem hafa lokið endurhæfingu og þurfa á stuðningi að halda í námi eða í vinnu.

Á mynd 4 má sjá skiptingu þátttakenda á endurhæfingarleiðum.

Mynd 4

Fjöldi

Fjöldi í endurhæfingu



Endurhæfingin sérsniðin að þátttakanda

Endurhæfing hjá Samvinnu er sérsniðin að þörfum hvers og eins þátttakanda. Ávallt er í boði dagskrá/stundarskrá sem er eingöngu fyrir þátttakendur í Samvinnu og skipulögð í 6 vikur í senn. Að venju var dagskráin mjög fjölbreytt og megináherslan á heilsutengda þætti og námskeið sem styðja einstaklinga til þátttöku í atvinnulífinu. Þátttakendum gafst tækifæri á að setja upp sína eigin stundatöflu út frá sínum styrkleikum og hindrunum.

Ráðgjafar deildarinnar leggja mikinn metnað í að sinna þátttakendum vel með það að markmiði að mæta þörfum hvers og eins. Einnig eru þátttakendur í Samvinnu á fjölbreyttum námsleiðum eða að prufa sig á almennum vinnumarkaði í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki á svæðinu. Sjá **mynd 5**. Samvinna hefur unnið að því að sinna þátttakendum af erlendum uppruna vel og hefur þeim fjölgað á síðasta ári. Auk þess sem samstarf við fyrirtæki á Suðurnesjum hefur ávallt verið til fyrirmyndar.

Mynd 5

Menntastofnun - MSS	Fjöldi	Nám utan MSS eða vinnuprufa	Fjöldi
Menntastoðir	15	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1
Grunnmenntaskólinn	8	Vinnuprufun á alm. vinnumarkaði	26
Aftur í nám – lærðu á lesblinduna	22	Stuðningur í starfi	6
Skrifstofuskólinn	3		
Kvikmyndasmiðjan	15		
Sterkari starfsmaður	15		
Íslenska fyrir útlendinga	8		
Landnemaskólinn	5		
Samtals	90	Samtals	33

Samantekt


Tilvísanir í Samvinnu voru tiltölulega jafnar yfir árið eða frá 55 tilvísunum til 69 sem gerir starfið auðveldara í skipulagningu fyrir þátttakendur. Samstarf okkar við ráðgjafa VIRK er til fyrirmyndar. Fundir voru haldnir með þeim mánaðarlega auk reglulegra samskipta vegna sameiginlegra mála. Boðleiðir eru stuttar enda erum við í sama húsi og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur þar sem ráðgjafar VIRK eru staðsettir.

Það er því er oft hægt að leysa mál einstaklinga í þjónustu vel hér innanhúss með því að skjótask á milli hæða, auk þess sem við sitjum í sameiginlegri rýni með sérfræðingum Virk. Einnig erum við í samstarfi við önnur stéttarfélög, Vinnumálastofnun og Festu lífeyrissjóð sem líka eru í sama húsi.

Tekið var saman hver framfærsla og virkni þátttakenda var við útskrift árið 2016 á næstu tveimur myndum. Eins og sjá má á mynd 6 voru alls 26% með laun á almennum vinnumarkaði, 2 í fæðingarorlofi og 1 með greiðslu vegna eftirlaunaaldurs sem flokkaðist undir annað 8%. Þátttakendur sem fengu örorkulífeyri og endurhæfingarlífeyri frá TR voru 56%, á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga 8% og á atvinnuleysisbótum 2%.

Mynd 6


Framfærsla þátttakenda sem útskrifuðust 2016



Örorkulífeyrir Endurhæfingarlífeyrir Atvinnuleysisbætur Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga Annað

Virkni þátttakenda sem útskrifuðust 2016

Mynd 7



Eins og sjá má á mynd 7 voru 50% þátttakenda í virkni ef tekið er saman launað starf, sjálfboðaliðastarf og nám en það er eitt af markmiðum Samvinnu að þátttakendur auki lífsgæði sín og fjölskyldu sinnar. 17% voru í endurhæfingu annarsstaðar en á vegum Samvinnu. 33% þátttakenda var flokkað í annað en það getur verið fæðingarorlof, heimavinnandi eða engin skipulögð virkni. Atvinnuleysi á Suðurnesjum hefur minnkað mjög mikið á síðustu misserum og fjöldi fólks vantar á vinnumarkaðinn sem gerir starf okkar auðveldara ef þátttakendur eru tilbúnir að fara í launað starf eða láta reyna á vinnumarkaðinn.

Þróunarverkefni

Færni í ferðapjónustu – fjarnám

Markmið verkefnisins er að þróa námsefni úr námsleiðinni Færni í ferðapjónustu I og aðlagð hana að fjarkennslu með snjallsímataækni í huga þ.e. spjaldtölvur og snjallsíma. Fjarnám í færni í ferðapjónustu skapar svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna og veitir einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku, framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Verkefnið hófst vorið 2014 og er enn í vinnslu.

Gæðahandbók fyrir starfsnám

Markmið verkefnisins er að útbúa gæðahandbók ætluð einstaklingum og fyrirtækjum í starfsnámi sem væri bæði leiðbeinandi í ferlinu og hagnýtt matstæki. Þróa markvisst starfsnám sem skilar árangursríku og hagnýtu starfi. Efla samstarf MSS við fyrirtæki með öflugri kynningu á starfsnámi. Styrkja stöðu einstaklinga sem hafa litla skólagöngu og auka möguleika þeirra á vinnumarkaði og/eða námi. Handbókin er hagnýtt matstæki með fyrirfram skilgreindum hæfniviðmiðum. Þannig yrði lagt mat á þátttöku einstaklings, námstækifæri, starfshæfni og ábyrgð, auk reynslu og upplifun beggja aðila þ.e. einstaklings og fyrirtækis. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Verkefnið hófst vorið 2015 og er enn í vinnslu.

Vendikennsla í Íslensku I

Yfirfara á námsefnið í Íslensku 1 fyrir alla, með það fyrir augum að búa til ítarefni á stafrænu og myndrænu formi sem eykur áhuga nemenda og gerir þeim auðveldara að vinna sjálfstætt. Byggt er á hugmyndafræði vendikennslu eða „flipped classes“, þar sem innlögn til nemenda byggir á myndbandsbrotum sem tengjast innihaldi hvers námsþáttar fyrir sig.

Markmið verkefnisins eru að:

1. Glæða námsefnið lífi og gera það áhugaverðara.
2. Gera nemendum kleift að undirbúa sig betur undir kennslu.
3. Kynna námsefnið á stafrænu formi og gera það aðgengilegra bæði fyrir nemendur sem sækja námið hjá okkur, sem og þá sem kjósa að læra á sjálfstæðan hátt af eigin frumkvæði.

Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Verkefnið hófst vorið 2015 og er enn í vinnslu.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Ársreikningur 2016



MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR
Á SUÐURNESJUM

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7

Aritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hlutafa Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við gerð ársreikningsins eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausti áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.


Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórnendur meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjanesbær, 29. júní 2017

Deloitte ehf.



Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

Staðfesting stjórnar

Ársreikningur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum var stofnuð 10. desember 1997.

Markmið Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er að efla endur- og símenntun Suðurnesjamanna, samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum býður einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum námskeið sem ekki heyra beint undir formlegt námsframboð skóla og er hér einkum átt við frístundánám og starfstengd námskeið og námskeiðaraðir. Kennslu í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er hagað þannig að hún hæfi fullorðnum.

Hagnaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. á árinu 2016 nam kr. 10.241.752. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 143.417.547, bókfært eigið fé í árslok er kr. 112.380.489 og er eiginfjárhlutfall félagsins 78,4% samanborið við 84,1% í ársbyrjun.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yrfært til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Það er álit stjórnar og forstöðumanns Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og forstöðumaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 29. júní 2017

Í stjórn



Kristín María Birgisdóttir
stjórnarformaður



Ellert Eiríksson



Kristján Ásmundsson




Guðbrandur Einarsson



Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir

Forstöðumaður



Guðjónína Sæmundsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur		291.834.211	261.402.572
Aðrar tekjur		4.793.790	5.382.924
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	(148.199.241)	(131.800.331)
Annar rekstrarkostnaður		(131.696.758)	(131.294.229)
Afskriftir fastafjármuna	6	(4.361.318)	(7.544.257)
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir skatta		12.370.684	(3.853.321)
Fjármunatekjur	4	4.081.843	3.311.127
Fjármagnsgjöld	5	(6.210.775)	(2.685.228)
Hagnaður (tap) ársins		10.241.752	(3.227.422)

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	4.254.425	7.425.611
Fjárfestingarverðbréf	7	100.000	100.000
		<u>4.354.425</u>	<u>7.525.611</u>
Veltufjármunir	8		
Viðskiptakröfur		24.740.237	5.440.221
Aðrar skammtímakröfur		1.971.409	1.930.936
Handbært fé		112.351.476	106.531.117
		<u>139.063.122</u>	<u>113.902.274</u>
Eignir		<u>143.417.547</u>	<u>121.427.885</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	9		
Óráðstafað eigið fé		112.380.489	102.138.737
Eigið fé		<u>112.380.489</u>	<u>102.138.737</u>
Skammtímaskuldir	10		
Viðskiptaskuldir		5.061.071	9.089.957
Aðrar skammtímaskuldir		25.975.987	10.199.191
Skuldir		<u>31.037.058</u>	<u>19.289.148</u>
Eigið fé og skuldir		<u>143.417.547</u>	<u>121.427.885</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður (-tap)		12.370.684	(3.853.321)
Afskriftir	6	4.361.318	7.544.257
Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna, breyting		(950)	117.666
Veltufé frá rekstri án vaxta		16.731.052	3.808.602
Aðrar rekstartengdar eignir, (hækkun)		(19.339.539)	(1.385.737)
Rekstartengdar skuldir, hækkun		11.747.910	6.251.977
Handbært fé frá rekstri án vaxta		9.139.423	8.674.842
Innborgaðir vextir og arður		4.081.843	3.311.127
Greiddir vextir		(6.210.775)	(2.685.228)
Handbært fé frá rekstri		7.010.491	9.300.741
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	6	(1.190.132)	(2.056.390)
		(1.190.132)	(2.056.390)
Fjármögnunarahreyfingar			
		0	0
Hækkun handbærs fjár		5.820.359	7.244.351
Handbært fé í upphafi árs		106.531.117	99.286.766
Handbært fé í lok árs	8	112.351.476	106.531.117
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri	14	14.602.120	4.434.501